

## Bréf

Alþingi, nefndasvið  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 2. mars 2018  
2018010037

### Efni: Umsögn - frumvarp til laga um mannanöfn - 83. mál

### Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um frumvarp til laga um mannanöfn, 83. mál.

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 14. febrúar 2018, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um frumvarp um breytingu á lögum um mannanöfn nr. 45/1996, með síðari breytingum (mannanafnanefnd, ættarnöfn o.fl.), 389. mál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um frumvarpið.

Í upphafi telur Barnaverndarstofa rétt að taka fram að stofan er sammála því meginmarkmiði frumvarpsins að auka frjálssræði á þessu sviði. Stofan telur þó rétt að vekja athygli á því að mikilvægt er að hægt sé að grípa inn í nafngiftir barna í þeim tilvikum þar sem nafnið getur orðið barninu til ama. Þrátt fyrir að um sárafá dæmi sé að ræða þá er hefur verið um mikilvæg mál að ræða fyrir þau börn sem þau mál varða. Nafn einstaklings, hvort sem um er að ræða eiginafn eða kenningarnafn, nátenget sjálfsmynd og sjálfsvitund viðkomandi. Þess vegna skiptir miklu máli að börnum séu ekki gefin nöfn sem ætla má að hafi slæm áhrif á þeirra sjálfsmynd og sjálfsvitund um aldur og ævi. Miklu máli skiptir að nafngiftin frá upphafi sé þannig að sú ákvörðun sé ekki til þess fallin að valda barninu sálrænu og tilfinningalegu tjóni. Barnaverndarstofa telur því mikilvægt að hægt sé að stöðva slíkar nafngiftir, enda er það almennt viðurkennt, bæði af dómstólum hér á landi sem og alþjóðlegum og/eða fjölþjóðlegum mannréttindasnefndum og -dómstólum að friðhelgi einkalífs, heimili og fjölskyldu sé ekki án takmarkana og hægt sé að takmarka það friðhelgi vegna ríkari hagsmuna annarra. Bendir Barnaverndarstofa m.a. á í þessu samhengi að börn eiga samkvæmt 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar og sáttmála Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 19/2013, rétt á þeirri vernd sem velferð þeirra krefst. Í þessu felst m.a. að löggjafanum ber að tryggja að börn njóti þeirrar verndar að hægt sé að koma í veg fyrir að þeim séu gefin nöfn sem eru þeim til ama hafi þannig neikvæð áhrif á framtíð þeirra og sjálfsmynd. Telur Barnaverndarstofa því mikilvægt að löggjafinn feli einhverjum opinberum aðila áfram þetta hlutverk og að hægt verði að stíga inn áður en nafn barns er farið að valda því skaða.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllt  
f.h. Barnaverndarstofu

Heiða Björg Pálmadóttir